

Fundargerð

40. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, þriðjudaginn 9. júní 2020 í fundarsal A, ÍSí Laugardal.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Eiríkur Mörk Valsson, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Rafrænt samþykkt á milli funda að Mí færi fram á Kópavogsvelli helgina 25.-26. júlí á Kópavogsvelli. Mótið átti að fara fram 27.-28. júní og átti að vera síðasta mótið hér á landi til að vinna sér inn stig eða ná lágmarki í Ólympíuleikana í Tokyo, Japan. Fundargerð frá fundi 39 frestað.

2. Ímyndarmál FRÍ

Gestir komu á fundinn, Símon og Anton, til skrafs og ráðagerða um ásýnd FRÍ. Umræða og hugleiðingar m.a. um stefnumörkun og markmið. Formanni, varaformanni og framkvæmdastjóra falið í starfshópi að fylgja málinu eftir.

3. Mótaskrá 2020

Rætt um keppnishaldið 2020 þá sérlega meistaramótið, tímaseðil og aðkomu áhorfenda í ljósi Covid.

4. Covid og almannavarnir

Formaður gerir grein fyrir að embætti landlæknis hefur nú uppfært leiðbeiningar fyrir íþróttamannvirki en í þessari uppfærslu (5.júní 2020) hefur bæst við kafli um almenningshlaup. Mikilvægt að kynna uppfærslu reglnanna m.a. heimasíðunni.

5. Rafrænt sögusetur FRÍ

Formaður hefur ýtt af stað vinnu með heldri félögum með hliðsjón af því að taka saman sögu FRÍ, stefnt af því að afurðin sé sett í rafrænan gagnagrunn. Það þarf því að skoða mikið af efni í geymslum og um leið að skanna myndir. Líklega þarf aðkomu starfsmanns til að verkefnið gangi eftir, en í sjálfboðastarfi mun það ganga hægar og hægt. Formaður vinnur áfram að verkefninu með stuðning stjórnar sem styður skráningu FRÍ sögunnar.

6. Frjálsíþróttaping haustið 2020

Ritari gerir grein fyrir stöðu undirbúnings og minnir á að undirbúningur hafi verið langt kominn í vor vegna þingisins í mars.

6. Önnur mál

- Rætt um styrki (viðurkenningu) fyrir Íslandsmet.
- Ákveðið að gefa út upplýsingablað með þeim kröfum sem þarf að uppfylla til að fá Íslandsmet viðurkennd, ásamt tilkynningareyðublaði um staðfestingu á Íslandsmeti.
- Aðstöðumál. Jákvæðar fréttir úr Kópavogi um lagfæringar fyrir sumarið og sama gagnvart Laugardalsvelli. Höllin lokuð að hluta og ÍR-svæðið í Mjódd enn í uppnámi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:15 með því að Íris verkefnastjóri fór yfir gerð á besta sunnudagsmat í heimi.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.